

1875

83
12ta
nóvbr.

Brjef landshöfðingja (til sýslumannsins og bæjarfógetans á Ísafirði).

Út af skýrslu herra sýslumannsins í brjefi frá 23. sept. þ. á. um að verzlunarstjóri V. Holm hafi synjað yður um ávisanir á verzlunarhúsið M. W. Sass & Sønner í Kpmhöfn, með styttri gjaldfresti en 3 mánuðum eptir sýningu, til greiðslu á skipagiöldum og öðrum þess háttar gjöldum, skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni:

Bæði lestagjaldið eptir lögum 15. apr. 1854, og gjaldið af innfluttu brennivini og öðrum áfengum drykkjum eptir tilsk. 26. febr. 1872, skal greitt af hlutadeigandi gjaldþegni, áður en honum leyfist að afferma skipið, og skal hann greiða gjöld þessi í reidum peningum. Ef gjaldheimtumaður aptur á móti leyfir gjaldþegni aðgreiða gjöldin með ávisun á alþunnan áreiðanlegan kaupmann í Khöfn í stað reiðu peninga, þá er þetta á ábyrgð gjaldheimtumans, og er honum því sjálfsagt bæði heimilt og skylt, að binda nefnt leyfi því skilyrði, að ávisanin sje orðuð eptir þeim reglum, sem um slíka greiðslu gilda; en ef gjaldþegn ekki vill gefa út slíka ávisun eptir ofannefndum lagaákvörðunum, má hann til að greiða gjaldið í reidum peningum, áður en hann fái að afferma skipið. Þegar gjaldheimtumaður meðtekur ávisun í stað reiðu peninga til greiðslu nefndra gjalda, eptir lögum 15. apr. 1854, og tilsk. 26. febr. 1872, skal því ávisunin vera út gefin, áður en farið er að afferma, og hljóða um greiðslu við sýningu, og skal hana því næst eptir reglug. 13. febr. 1873 senda hingað með næstu póstferð á eptir.

Hr. sýslumanni ber með næsta pósti hingað að skýra frá, hver gjöld verzlunarstjóri V. Holm hafi ætlað sjer að greiða með upphæð ofannefndrar ávisunar og hvenær gjöld þessi voru fallin til greizlu (þ: hve nær skipaskjöldin voru sýnd, samkvæmt lögum 15. apr. 1854).

Að því leyti hr. sýslumaðurinn í sama brjefi hefur skýrt frá, að nokkrir kaupmenn á Ísafirði hafi lýst megnri óánægju yfir því, að þjer hafið heimtað gjaldið eptir tilsk. 26. febr. 1872 með 8 sk. af potti, og þó reiknað aðalupphæðina aptur í krónupeningum, í stað þess að reikna 16 aura af hverjum potti, og óskað visbendingar um, hvort þjer hafið skilið rjett þær ákvarðanir, sem um þetta gilda, skal yður þjónustusamlega tjáð, að reikningsaðferð sú, er þjer hafið við haft, er beinlínis fyrir skipuð, bæði í peningalögum 23. maí 1873 § 18 (augl. 25. sept. s. á.), og í brjefi ráðgjafans frá 6. nóvbr. 1874, sem prentað er í stjórntíðindum s. á. B 39.

84
14da
nóvbr.

Auglýsing

um mótið á sænskum peningum.

Fjárhagsstjórn ríkisins hefur 24. maí þ. á. auglýst, að mótið á peningum þeim, er munu verða slegnir í Svíþjóð samkvæmt samningi, er gerður var 27. maí 1873 milli Danmerkur og Svíaríkis um sameiginlegan peningareikning, og sem samkvæmt 14. gr. í auglýsingu um peningalög frá 25. septbr. 1873 eru gjaldgengir hjer á landi, hafi í konunglegri sænskri auglýsingu frá 23. janúar f. á. verið ákveðið þannig:

10- og 20- krónapeningar úr gulli.

Á *adhverfuna* skal setja brjóstmynd hans hátignar konungs Svíaríkis og Noregs og umhverfis að ofan letrið «Oscar II Sweriges o. Norges Konung» en að neðan ár það, er peningurinn er sleginn og hvorumegin við það stjörnu með fimm geislum. Á *fráhverfunni* skal vera hið sænska ríkismerki á skildi, er skipt er í fjóra parta og festur á hermefnskápu undir konungskórónu; fyrir ofan orðin: «Brödrafolkens wäl», að neðan and-

virði peningsins «10 Kronor» «20 Kronor» og milli þessara lettra til vinstri handar peningamerkið (höfuð St. Eiríks) og til hægri handar upphafsstafrnir í nafni peningasmíðsins (S. T.).

1.- og 2.- krónapeningar úr silfri.

Á *adhverfuna* skal setja brjóstmynd hans hátignar konungs Svíaríkis og Noregs og um hana letrið «Oscar II Sweriges o. Norges Konung» en á *fráhverfuna* hið sænska rikismerki á ferskiptum skildi undir konungskórónu, studdum af 2 kórónuðum ljónum og kringdum af bandi, er ber letrið «Brödrafolkens wäl»; undir bandið til vinstri handar sláttuár peningsins og peningamerkið, til hægri handar nafnstafr peningasmíðsins; fyrir ofan skjaldarmerkið andvirði peningsins «1 Krona» «2 Kronor».

10- 25- og 50- aurapeningar úr silfri.

Á *adhverfuna* skal setja fangamark hans hátignar konungs Svíaríkis og Noregs, anglo-saxneskan O staf og innan í hann rómversku töluna II, en yfir hann konungskórónu; þar fyrir ofan letrið: «Brödrafolkens wäl», en 3 sænsku kórónurnar eru sín hvoru megin við fangamarkið og hin þriðja fyrir neðan það; vinstramegin við hana skal setja peningamerkið og hægramegin nafnstafr peningasmíðsins. Á *fráhverfunni* er laufahringur og er hann látinn saman á 50 og 25 aurapeningum, en opin að ofan á 10 aurapeningum; innan í þessum hringi er andvirði peningsins, «10 Öre», «25 Öre» eða «50 Öre» með stóru letri í 2 línur og þar undir sláttuárið með minna letri.

1- 2- og 5- aurapeningar úr kopar.

Á *adhverfuna* skal setja hið konunglega fangamark sama útlits og með binu sama letri og á aurapeningum úr silfri; undir fangamarkið peningamarkið; á *fráhverfuna* andvirði peningsins «1 Öre», «2 Öre» og «5 Öre» með stóru letri í 2 línur og undir það sláttuárið með minna letri, 3 sænsku kórónurnar sín hvoru megin við andvirðistölurnar og hin 3. fyrir neðan sláttuárið; á 2 og 5 aurapeningum er umhverfis allt brugðinn hringur nokkuð frá rönd peningsins; en hann er ekki á 1 eyris peningum.

Þetta skal hjer með kunngjört almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 14. dag nóvembermánaðar 1875.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. hafð þjer, herra amtmaður, sent hingað eptirrit eptir rjettarprófi, er haldið hefur verið á aukþingi Vestmannaeyja um atvik þau, sem urðu við það, er Magnús Árnason frá Rauðsbakka í Austur-Eyjafjallahreppi og hásetar hans, sem voru: Páll Pálsson frá Lambafelli, Páll Ólafsson frá Berjanesi, Símon Símonsson frá Steinum, Magnús Jónsson frá Mýrum í Álptaveri, Sigurður Natanaelsson frá Minniborg, Jón Bjarnason frá Hátúni í Landbroti, Sigurður Jónsson frá Gíslakoti, Húni Sigurfinnsson frá Yztaþælliskoti, Vigfús Björnsson frá Skarðshlíð, Jón Jónsson frá Núpakoti og Ketill Valdason frá sama bæ — hinn 13. marz f. á. björguðu í stormi og ósjó 3 af 10 mönnum, sem hvóft hafði undir á heimsiglingu að Vestmannaeyjum úr sátri, en hinir 7 druknuðu; og hafð þjer mælt fram með því, að fyrirtjeðum mönnum verði veitt hæfileg verðlaun fyrir ótulleik sinn og góða framgöngu við þetta tækisfari.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafana, að jeg samkvæmt því, sem fram hefur komið, hef veitt nefndum formanni Magnúsi Árnasyni 10 kr. verðlaun og sjerhverjum hinna nafngreindu háseta, 5 krónur, og mun upphæð þessi alls